**Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)**

**Alzheimersamtökin, Dalbær, Eir, Fellsendi, Grundarheimilin, Hamrar, Heilsustofnun NLFÍ, Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Heilsuvernd Vífilsstaðir, Hornbrekka, Hrafnista, Lundur, MS setrið, Múlabær/Hlíðabær, Reykjalundur, Samhjálp, S.Á.Á., Sjálfsbjargarheimilið, Skjól, Sóltún (Öldungur), Sólvangur (Sóltún öldrunarþjónusta) og Vigdísarholt (Seltjörn, Skjólgarður, Sunnuhlíð).**

annars vegar og

**Félag Sjúkraþjálfara, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarður, Iðjuþjálfafélag Íslands, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Þroskaþjálfafélag Íslands**

hins vegar, gera með sér eftirfarandi

# SAMKOMULAG

## Um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

### 1. gr.
### Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

### 2. gr.
### Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4.2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

### 3. gr.
### Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr



þss

ÆB

**4. gr.**
**Framlög í sjóði**

Atvinnurekandi greiðir framlag sem hlutfall af heildarlaunum félagsfólks í sjóði eins og nánar greinir hér á eftir við gildistöku samnings þessa:

Styrktarsjóð BHM 0,75%

Orlofssjóð BHM 0,25%

Starfsmenntunarsjóð BHM 0,22%

Starfsþróunarsetur háskólamanna 0,70%

Endurhæfingarsjóð 0,10%

**5. gr.**
**Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókun, verkáætlun, viðauka og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 13:00 þann 16. júní 2023 skoðast hann samþykktur.



þSS G.B.

**Reykjavík 9. júní 2023**

Fyrir hönd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu með fyrirvara um samþykki stjórnar:

Fyrir hönd eftirtalinna stéttarfélaga með fyrirvara um samþykki félagsfólks:

Félag sjúkraþjálfara (FS)

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ)

Fræðagarður (FRG)

Iðjuþjálfafélag Íslands (IÞÍ)

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga(KVH)

Sálfræðingafélag Íslands (SÍ)

Stéttarfélag bókasafns og upplýsingafræðinga (SBU)

Þroskaþjálfafélag Íslands (ÞÍ)

**Bókun og verkáætlun**

með samkomulagi

**Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)**

annars vegar
og

**Félags Sjúkraþjálfara, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjuþjálfafélags Íslands, Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og Þroskaþjálfafélags Íslands**

hins vegar

dags. 9. júní 2023

**Bókun 1.**

Aðilar eru sammála um að í samningum hafi verið stigið skref í átt að leiðréttingu launataflna umræddra aðildarfélaga. Í næstu kjarasamningum skal stefnt að því að færa þær til upphaflegs horfs þannig að bil milli launaflokka verði 5% hlaðsett og bil milli þrepa 2,5% hliðsett.

**Bókun 2.**

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) komi að vinnu, heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda vegna fylgiskjals I og II, endurskoðunar veikindakafla/ framlenging á bókun 2 og jöfnun launa milli markaða.



Ø SS

G B.

**Verkáætlun**

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Tafla 1 er í samræmi við verkáætlun aðildarfélaga BHM við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Eftirtalin mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda hins opinbera.

Tafla 2 er verkáætlun milli undirritaðra aðildarfélaga BHM og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og verður til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

*Tafla 1. Mál á borði heildarsamtaka og launagreiðenda hins opinbera.*

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|---|---|---|
| Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi.<br>Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. | Vinna þegar hafin | 31. janúar 2024 |
| Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi.<br>Vettvangur stýrihóps heldur áfram. | Vinna þegar hafin | 31. janúar 2024 |
| Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2. | Vinna þegar hafin | 31. október 2023 |
| Bakvaktir / skoðun á fyrirkomulagi bakvakta. | 17. apríl 2023 | 31. janúar 2024 |
| Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu. | 17. apríl 2023 | 31. ágúst 2023 |

*Tafla 2. Verkáætlun á milli Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og tiltekinna félaga BHM*

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|---|---|---|
| 7. kafli - Tryggingar<br><br>Samtal og vinna er snýr að því að skýra verklag og vinnureglur við framkvæmd. Meðal annars vegna frítímaslysa. | 1. sept 2023 | 1.nóv 2023 |
| 12. kafli - Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa<br><br>Samtal og vinna er snýr að því skýra verklag og vinnureglur er kemur að upplýsingagjöf aðila í tengslum við fjarvistir vegna veikinda og slysa. | 1.nóv 2023 | 1.feb 2024 |



þss.                                                                                                    GB

| | | |
|---|---|---|
| Endurskoðun verði á eldri bókunum samningsaðila sem undirbúningur fyrir gerð heildartexta kjarasamnings. | 1.sept 2023 | 1.okt 2023 |
| Yfirfara orðalag samninga. | 1.jan 2024 | 1.apríl 2024 |
| Heildarkjarasamningur gerður milli samningsaðila | | 1.apríl 2024 |
| Vinna við skýra verklagsreglur er varða námsleyfi starfsmanna. | 1.nóv 2023 | 1.feb 2024 |

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 30. nóvember 2023 skulu kröfur stéttarfélaga liggja fyrir. Eigi síðar en 15. janúar 2024 skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.



þSS.      GB.

**Viðauki við samkomulag**

**Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)**

annars vegar
og

**Félags Sjúkraþjálfara, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjuþjálfafélags Íslands, Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og Þroskaþjálfafélags Íslands**

hins vegar

dags. 9. júní 2023

**Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á fylgiskjali 2 um betri vinnutíma í vaktavinnu, hjá þeim stéttarfélögum sem um það sömdu í síðustu kjarasamningum.**

*Greinar 1.6.1 og gr. 1.6.2 breytast frá 1. apríl 2023 og verða svohljóðandi:*

**1.6 Álagsgreiðslur - vaktaálag**

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1.

Vaktaálag skal vera:

| | |
|---|---|
| 33,33% | kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga |
| 55,00% | kl. 17:00 - 24:00 föstudaga |
| 65,00% | kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga |
| 55,00% | kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga |
| 75,00% | kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga |
| 120,00% | kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag. |

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

| | |
|---|---|
| 33,33% | kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga |
| 45,00% | kl. 17:00 - 24:00 föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00 - 08:00 mánudaga |
| 33,33% | kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga |
| 120,00% | kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag. |

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

*Grein 2.6.10 breytist frá 1. apríl 2023 og verður svohljóðandi:*

**2.6.10 Vaktahvati**

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti.

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á hverju launatímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 42 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 15 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar til þess að njóta vaktahvata.

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

| Fjöldi vakta | Tegundir vakta | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 19 | | 10,0% | 12,5% | 12,5% |
| 18 | | 7,5% | 10,0% | 12,5% |
| 17 | | 7,5% | 10,0% | 12,5% |
| 16 | | 2,5% | 7,5% | 12,5% |
| 15 | | 2,5% | 2,5% | 10,0% |
| 14 | | | 2,5% | 7,5% |

**Fylgiskjal 1**

Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **00** | | 542.875 | | | | | | | |
| **01** | 428.582 | 439.297 | 450.011 | 460.726 | 471.440 | 482.155 | 492.869 | 503.584 | 514.298 |
| **02** | 444.468 | 455.580 | 466.691 | 477.803 | 488.915 | 500.027 | 511.138 | 522.250 | 533.361 |
| **03** | 461.147 | 472.676 | 484.204 | 495.733 | 507.261 | 518.791 | 530.319 | 541.848 | 553.376 |
| **04** | 478.661 | 490.628 | 502.594 | 514.561 | 526.527 | 538.494 | 550.460 | 562.427 | 574.393 |
| **05** | 497.050 | 509.477 | 521.902 | 534.329 | 546.755 | 559.182 | 571.607 | 584.034 | 596.459 |
| **06** | 516.359 | 529.269 | 542.177 | 555.086 | 567.995 | 580.904 | 593.812 | 606.722 | 619.630 |
| **07** | 536.633 | 550.049 | 563.465 | 576.881 | 590.296 | 603.712 | 617.128 | 630.544 | 643.959 |
| **08** | 559.421 | 573.406 | 587.392 | 601.377 | 615.363 | 629.348 | 643.334 | 657.319 | 671.305 |
| **09** | 584.643 | 599.259 | 613.875 | 628.491 | 643.107 | 657.723 | 672.339 | 686.955 | 701.572 |
| **10** | 609.806 | 625.052 | 640.296 | 655.542 | 670.787 | 686.032 | 701.277 | 716.522 | 731.768 |
| **11** | 636.230 | 652.136 | 668.041 | 683.947 | 699.853 | 715.758 | 731.664 | 747.570 | 763.475 |
| **12** | 663.973 | 680.573 | 697.171 | 713.771 | 730.370 | 746.970 | 763.568 | 780.168 | 796.767 |
| **13** | 696.619 | 714.035 | 731.450 | 748.865 | 766.281 | 783.696 | 801.112 | 818.527 | 835.942 |
| **14** | 731.284 | 749.567 | 767.848 | 786.131 | 804.412 | 822.695 | 840.976 | 859.259 | 877.541 |
| **15** | 767.849 | 787.046 | 806.241 | 825.438 | 844.633 | 863.830 | 883.025 | 902.222 | 921.418 |
| **16** | 806.241 | 826.398 | 846.553 | 866.710 | 886.865 | 907.022 | 927.177 | 947.334 | 967.488 |
| **17** | 846.553 | 867.718 | 888.881 | 910.045 | 931.208 | 952.373 | 973.535 | 994.700 | 1.015.863 |
| **18** | 888.881 | 911.104 | 933.325 | 955.548 | 977.768 | 999.991 | 1.022.212 | 1.044.435 | 1.066.656 |
| **19** | 933.325 | 956.659 | 979.991 | 1.003.325 | 1.026.657 | 1.049.991 | 1.073.323 | 1.096.657 | 1.119.989 |
| **20** | 977.172 | 1.001.602 | 1.026.030 | 1.050.461 | 1.074.889 | 1.099.319 | 1.123.747 | 1.148.177 | 1.172.605 |
| **21** | 1.022.337 | 1.047.897 | 1.073.454 | 1.099.013 | 1.124.570 | 1.150.130 | 1.175.687 | 1.201.246 | 1.226.803 |
| **22** | 1.069.760 | 1.096.505 | 1.123.248 | 1.149.993 | 1.176.735 | 1.203.481 | 1.230.223 | 1.256.968 | 1.283.711 |
| **23** | 1.119.554 | 1.147.544 | 1.175.531 | 1.203.522 | 1.231.509 | 1.259.499 | 1.287.486 | 1.315.476 | 1.343.464 |
| **24** | 1.171.838 | 1.201.135 | 1.230.430 | 1.259.727 | 1.289.021 | 1.318.318 | 1.347.613 | 1.376.910 | 1.406.204 |
| **25** | 1.226.736 | 1.257.406 | 1.288.072 | 1.318.742 | 1.349.409 | 1.380.079 | 1.410.745 | 1.441.415 | 1.472.082 |
| **26** | 1.284.379 | 1.316.490 | 1.348.598 | 1.380.709 | 1.412.816 | 1.444.927 | 1.477.035 | 1.509.146 | 1.541.253 |
| **27** | 1.344.905 | 1.378.529 | 1.412.150 | 1.445.774 | 1.479.395 | 1.513.019 | 1.546.640 | 1.580.264 | 1.613.885 |



JOSS